

MÝRDALSHREPPUR FLOKKAR ENN BETUR



GERUM BETUR

Kæru íbúar,

Umhverfismál eru fyrirferðarmikil í umræðunni og ærin ástæða til. Í nútíma neyslusamfélagi á sér stað gríðarleg sóun sem okkur ber skylda til að draga úr og gefa komandi kynslóðum tækifæri til að lifa áfram á bláa hnettinum um alla framtíð. Fyrsti kosturinn er að sjálfsögðu að draga úr neyslu, þá næst að breyta úrgangi í hráefni og sá lakasti að urða sorp.

Mýrdalshreppur hefur leyfi til að urða 400 tonn af sorpi á Skógasandi, undanfarin ár höfum við verið að fara töluvert yfir þau mörk og höfum frest til ársins 2021 til að draga úr urðun og fara undir 400 tonninn. Þetta er stór áskorun þar sem okkur fjölgar ört. Við bindum vonir við að þær aðgerðir sem við erum að grípa til í flokkunarmálum færi okkur nær því að ná þessu markmiði. Það skiptir miklu máli að íbúar og ekki síst atvinnueldhús taki flokkun úrgangs föstum tókum og verði til fyrirmyndar í því að flokka lífrænan úrgang frá öðru sorpi, en stærstur hluti þess kemur frá hótélum og veitingahúsum.

Lífræna hráefnið verður keyrt á Selfoss þar sem Íslenska Gámafélagið tekur við því og vinnur úr moltu. Hluti moltunnar verður síðan fluttur aftur til Víkur þar sem íbúum gefst kostur á að nýta hana sér að kostnaðarlausu. Með því að jarðgera lífrænan úrgang er búin til vara sem er jarðvegsbætir og getur nýst m.a. til landgræðslu og skógræktar. Drauma staðan væri að við gætum framleitt moltuna hér heima, en eins og er höfum við ekki aðstöðu til þess.

Óvönduð úrgangsmeðhöndlun stuðlar að loftslagsbreytingum og loftmengun og hefur bein áhrif á flest vistkerfi jarðar. Tökum höndum saman og höfum í huga að það sem við gerum umhverfinu í dag kemur niður á þeim sem á eftir okkur koma.

Þorbjörg Gísladóttir
Sveitarstjóri

VISSIR ÞÚ AÐ...
...endurvinnsla á
1 tonni af pappír
sparar um 4000kwh
af rafmagni?

GÁMAVELLIR



Opnunartími:

Mánudaga	kl. 16 - 18
Miðvikudaga	kl. 15 - 18
Föstudaga	kl. 16 - 18
Laugardaga	kl. 10 - 12

Gámasvæði Mýrdalshrepps, Gámavellir, er að Smiðjuvegi 1a og er þar tekið á móti öllum flokkum.

Til að tryggja réttan farveg á því sem losað er á Gámavöllum er afar mikilvægt að allt fari í rétta gáma og því skal fylgja merkingum og leiðbeiningum þar. Á Gámavöllum má losa alla málma, brotajárn, hjólbarda, heyrúlluplast, bylgjupappa, spilliefni, raftæki, gler, grófan úrgang og garðaúrgang. Þá er einnig hægt að koma með allan heimilisúrgang, úr Gráu og Grænu tunnunum ef þær yfirfyllast heima.

Móttaka skilagjaldsskyldra umbúða fer fram á miðvikudögum.

Fatagámar frá Rauða krossinum eru staðsettir við Gamla sláturhúsið, Sunnubraut 14-16 í Vík



Ljósmyndir í bæklingnum eru birtar með góðfúslegu leyfi Þóris N. Kjartanssonar, (Þ.N.K)

Sorphirðudagatal 2020



Grá tunna
Almennt sorp



Brún tunna
Lífrænt



Græn tunna
Endurvinnslufefni

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Umhirða og staðsetning íláta



Gott er að hafa í huga að fjarlægð íláta frá götu sé ekki mikil eða valdi sorphirðufólki óþarfa álagi við hirðu. Best er að hafa ílát sem næst götu og í tunnuskýlum.



Yfirfull ílát geta skapað vandræði við losun. Hætta er á að vargfugl komist í úrganginn eða innihald tunnunnar fari að fjúka um. Umfram heimilisúrgangi má skila á Gámavelli.



Að vetri er ætlast til að íbúar moki frá tunnum og háلكuverji. Gríðarlega erfitt er að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem hálka getur verið varasöm.




Það er ábyrgð íbúa og fyrirtækja að ílátin séu tryggilega fest. Einnig er æskilegt að hreinsa þau eftir þörfum. Það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi ólykt.



Flokkum rétt í brúnu tunnuna

Í Brúnu tunnuna fer lífrænn eldhúsúrgangur sem er sá úrgangur sem fellur til í eldhúsum heimila og fyrirtækja.



Úr brúnu tunnunni fer lífræni eldhúsúrgangurinn í jarðgerð og honum umbreytt í moltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu og skógrækt.

Mjög mikilvægt er að **ekkert plast** fari með í Brúnu tunnuna því það brotnar ekki niður í jarðgerðinni og einnig getur skapast fokhætta af plastinu í sjálfri jarðgerðinni.

Má fara ✓



Má ekki fara

Eggjaskurn ✓	✗	Plast
Tepokar ✓	✗	Bleyjur
Eldhúspappír ✓	✗	Sláturúrgangur
Eldaðir kjöt- og fiskafgangar ✓	✗	Dýrasaur
Kartöflur, pasta og hrísgrjón ✓	✗	Kattasandur
Ávextir og grænmeti ✓	✗	Ryksugupokar
Brauðmeti ✓	✗	Eyrnarpinnar
Afskorin blóm ✓	✗	Bómullarhnoðrar
Kaffikorgur og kaffifilter ✓		



Flokkunartafla

Brúna tunnan



Ögmundur Ólafsson ehf.

Lífrænt heimilissorp



Í **Brúnu tunnuna**fara m.a. allir matarafgangar, plöntur o.fl. lífrænt sem fellur til á heimilinu. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í jarðgerðarpoka (maispokann) áður en hann er settur í tunnuna.



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrísgrjón o.fl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Fiskur



Eggjaskurn



Tepokar



Kjötafgangar



Pasta



Karftöflur



Afskorin blóm




Eldhúspappír



Tannstönglar

Flokkum rétt í grænu tunnuna

Græna tunnan er fyrir endurvinnanlegar umbúðir úr plasti, pappír, pappa og smáa málmluti.



Borið hefur á því að í Grænu tunnuna fari hlutir úr plasti sem ekki er hægt að senda til endurvinnslu. Til að hægt sé að endurvinna plastumbúðir þurfa þær að vera hreinar. Það er því mikilvægt að tæma flöskur og hreinsa matarleifar úr umbúðunum, annars eiga þær heima með almennu sorpi.

Óhreinar umbúðir í Grænu tunnunni geta eyðilagt annað endurvinnsluhráefni

Má fara ✓



Má ekki fara

Plastpokar ✓



Óhreinar umbúðir

Plastfilma ✓



Leikföng

Hreinsiefnabrúsar ✓



Frauðplast

Umbúðir undan þvottaefni ✓



Raftæki úr plasti

Einnota pappa- og plastdiskar ✓



Geisladiskar og dvd diskar

Umbúðir undan kaffi ✓



Tannburstar

Umbúðir undan snakki ✓



Gler

Fernur og sléttur pappi ✓



Bökunarpappír

Dagblöð og tímarit ✓



Umbúðir undan

Bylgjupappi ✓

hættulegum efnum



Flokkunartafla

Græna tunnan

8

Ögmundur Ólafsson ehf.

Flokkur

Hvað tilheyrir

Frágangur

Bylgjupappi



Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar.

Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. **Fer beint í Grænu tunnuna** án umbúða.

Dagblöð og tímarit



Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír.

Fer beint í Grænu tunnuna án umbúða.

Sléttur pappi/fernur



Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírsrúllum.

Fjarlægja matarleifar og skola fernur. **Fer beint í Grænu tunnuna** t.d. í fernu sem fyllt er mörgum fernum.

Plastumbúðir



Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrusar, skyrdósir og plastfilma

Fjarlægja matarleifar og efnaleifar. Smáhlutir fara í **Grænu tunnuna gegnsæjum plastpoka**. Stærri hlutir **fara beint í tunnuna**


Málmar



Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkulok og sprittkertakoppar.

Fjarlægja matarleifar. **Má fara beint í Grænu tunnuna**


Hvað verður um hráefnið sem fer í Grænu tunnuna?



Markmiðið með endurvinnslu er að búa til hringrás sem miðar að því að draga úr frumvinnslu hráefna og minnka þannig álag á auðlinir jarðar. Þannig er einnig dregið úr urðun úrgangs.

Ef þú ert í vafa í hvaða tunnu úrgangurinn á að fara, þá getur þú einfaldlega spurt þig:

„Er þetta pappír, plastumbúðir eða málmur“?



Heimajarðgerð

Innihald Brúnu tunnunnar fer í jarðgerð Íslenska Gámafélagsins en þó geta íbúar Mýrdalshrepps einnig jarðgert sinn eigin lífræna eldhúsúrgang. Kostur við að jarðgera heima er að þá er hægt að nýta garðaúrgang í jarðgerðina en garðaúrgang má ekki losa í Brúnu tunnuna. Hægt er að nota þar til gert jarðgerðarílát en öll hönnun á því miðast við að auðvelda ferlið og aðgengi til að losa úrgang í ílátið og að tilbúinni moltu.

Reyna ætti að nýta allt úr garðinum í jarðgerðina nema kantskurð og mold. Sé moltan of blaut er ráðlegt að þurrka grasið dálítið fyrst, en þó ekki of mikið til að upp náist hiti í jarðgerðarílátinu.

Stoðefni eru mikilvæg í jarðgerð. Hæfilegt magn stoðfna er um 1/3 af rúmmáli ílátsins. Þeim er ætlað að bæta byggingu moltunnar, auka loftun og koma í veg fyrir að moltan verði of blaut. Auk þessa eru stoðefni mikilvægur köfnunarefnisgjafi. Stoðefni geta t.d verið greinakurl, spænim, hálmur, niðurrifin dagblöð, þurrt hey og eggjabakkar.

Sá tími sem tekur að fullgera moltu er á bilinu 8-12 mánuðir.

Frekari upplýsingar um heimajarðgerð er hægt að nálgast á heimasíðu Íslenska Gámafélagsins www.gamafelagid.is



MÝRDALSHREPPUR FLOKKAR ENN BETUR

Ögmundur Ólafsson ehf.

Víkurbraut 15b, 870 Vík

S: 892-9726

Netfang: ogmundurehf@simnet.is



@ogmundurolafssonehf



Ögmundur Ólafsson ehf. er fjölskyldufyrirtæki í Vík í Mýrdal sem sérhæfir sig í sorphirðu, gámaþjónustu, meðhöndlun úrgangs og umsjón með gámasvæði sveitarfélagsins.

VISSIR ÞÚ AÐ...

...endurvinnsla á 1 tonni
af plasti sparar 2600 lítra af olíu?